

Akureyri 11. desember 2014

Kæru foreldrar barna í skólum Akureyrarbæjar,

það er nýi fræðslustjórinn sem skrifar!

Eins og einhver ykkar kunna að vita, tók ég við starfi sem fræðslustjóri þann 1. nóvember síðastliðinn. Það er margt að setja sig inn í og í mörg horn að líta. Ég hef til dæmis enn sem komið er ekki haft mörg tækifæri til að hitta ykkur foreldra, en vonandi kemur að því með einhverjum hætti.

Það er rétt að byrja á því að senda ykkur öllum afsökunarbeiðni vegna þeirra misvísandi skilaboða sem komu frá skólunum í morgun og hversu seint þau bárust. Ég skal taka það alveg á mig. Hér munu vera til viðmiðunarreglur um svona stöðu sem ég hafði ekki kynnt mér. Einhverjir skólastjórar höfðu haft samband beint við lögreglu í morgun og tekið ákvarðanir um frestun skólahalds í framhaldi af því.

Ég er borinn og barnfæddur Bolvíkingur og sem slík er ég auðvitað ýmsu vön af veðrinu. Þaðan er ég ekki óvön vetrarstormum og slæmri færð. Nú bý ég „fyrir handan“, semsagt á Halllandsnesi hér beint á móti Akureyrarbæ. Þaðan að sjá í morgun var bara ágætis veður, tiltölulega bjart og skyggni gott yfir bæinn. Ég fór tímanlega út til að moka af bíl og losa (reyndar með smá aðstoð húseigandans sem mætti á svæðið!). Ég var svo mætt til vinnu korter fyrir átta en heyrði í áttafréttum í útvarpi að skólahaldi hefði verið aflýst á Akureyri m.a. vegna slæmrar færðar á götum bæjarins. Hér skiptir færð miklu máli.

Það er auðvitað mikilvægt að skilaboð af þessu tagi séu samræmd og því mun ég gæta þess héðan í frá að tryggja að svo verði gert. Skólahúsnæði á að sjálfsögðu að vera opið ef einhver börn skyldu koma og þar eiga þau að vera örugg, en kennsla í hefðbundnu formi er felld niður. Ég læt þessar viðmiðunarreglur fylgja hér með.

Ég ítreka afsökunarbeiðni á þessu öllu og vona að þetta hafi ekki valdið miklum vandræðum hjá mörgum ykkar.

Bestu kveðjur með von um farsælt samstarf í framtíðinni.

Soffía Vagnsdóttir

Fræðslustjóri

Viðbrögð í grunnskólum þegar tvísýnt er um færð og veður

1. Meginreglan er sú að leik- og grunnskólar eru opnir nema lögregla gefi út tilmæli um að fólk sé ekki á ferli.
2. Ef skólahald fellur niður þá sendir skóladeild tilkynningu þess efnis á RÚV og Bylgjuna fyrir kl. 7.00 að morgni.
3. Öllum skólum ber að setja tilkynningu á heimasíðu í þeim tilfellum sem tvísýnt er með veður og færð eða þegar skólahald er fellt niður. Einnig skulu skólar senda út póst í Mentor með sömu tilkynningu.
4. Við tvísýnar aðstæður sem geta verið breytilegar eftir bæjarhlutum þá er það ávallt foreldra / forráðamanna að meta hvort þeir treysti börnum sínum í skóla.
5. Ef skólahaldi er ekki aflýst er tryggt að starfsfólk sé til staðar á auglýstum skólatíma í öllum skólum. Börn sem koma í skólann eru ekki send heim áður en skólatíma lýkur.

Fyrirmynd að texta sem fer á heimasíðu hvers skóla og í Mentor þegar óvíst er með veður og færð

Skólahald í Giljaskóla verður samkvæmt stundaskrá í dag.

Þó má búast við einhverri röskun á skólastarfi ef vera kynni að hluti starfsfólks komist ekki til vinnu.

Foreldrar og forráðamenn meta sjálfir hvort þeir treysti börnum sínum í skólann.

Meti foreldrar aðstæður þannig að barn/börnin skuli fara í skólann þá er mælt til þess að börn í 1.-7. bekk fái fylgd.

Ef óvissa er með veður og færð í lok skóladags þá er ætlast til þess að börnin verði sótt. Börn fá ekki að fara ein og án fylgdar úr skóla ef aðstæður eru ótryggar.

Forföll skal tilkynna í síma 462 4820 eða í netfangið ellae@akmennt.is

Ef þær aðstæður skapast meðan á skóla stendur að lögreglan mæli með því að fólk sé ekki á ferli þá áskilur skólastjóri sér rétt til þess að aflýsa skólahaldi og óska eftir að foreldrar sæki börn sín.

Fyrirmynd að texta sem fer á heimasíðu hvers skóla og í Mentor þegar skóla er aflýst

Skólahaldi í Giljaskóla er aflýst í dag vegna veðurs og ófærðar þar sem lögreglan mælir eindregið með því að fólk sé ekki á ferli.